

legan, þar sem hann kemur í bága við eiðsvarinn framburð þriggja vitna. Það verður ekki hjá því komist að telja það nægilega sannað, að kærði hafi verið að fiskveiðum með dragnot innan við landhelgi 22. júlí s.l. á hinum umræddu slóðum. Með þessu framferði hefir kærður brotið gegn ákvæðum 1. gr. reglugjörðar nr. 57 frá 11. júlí 1923, og þykir refsing sú, er hann hefir tilunnið hæfilega ákveðin samkv. 4. gr. hennar 500 króna sekt, er renni í ríkissjóð og greiðist innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins, ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 28 daga.

Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Mánudaginn 14. maí 1928.

Nr. 10/1928.

Rjettvisin og valdstjórnin

(Pjetur Magnússon)

gegn

Halldóri Einarssyni (St. Jóh. Stefánsson).

Ölöglegur bifreiðarakstur sem mannsbani hlaust af.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 21. jan. 1928: Ákærður, Halldór Einarsson, sæti einföldu fangelsi í tvo mánuði og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með taldar 30 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda síns hjer í rjettinum, Stefáns Jóh. Stefánssonar hrm.

Auk þess skal ákærður sviftur ökuskirteini í eitt ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Fullnustu hinnar ídæmdu fangelsisrefsingar skal frestað og hún falla niður, nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa, sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drygðan af ásettu ráði og sje í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sekta.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er taldar eru hinum áfrýjaða dómi, verður að dæma ákærða sekan um

brot á 200. gr. almennra hegningarlaga samfara brotum á 6., 7. og 8. gr. laga nr. 56, 15. júní 1926 um notkun bifreiða svo og á 49. og 51. gr. lögreglusamþyktar Reykjavíkur og telst hegningin hæfilega ákveðin tveggja mánaða einfalt fangelsi.

Málavextir eru ekki þeir, að ástæða sje til þess að ákveða að fullnustu refsingarinnar skuli fresta samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviftingu ökuskirteinis svo og um málskostnað í hjeraði standi óröskuð.

Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, 80 kr. til hvors.

Þ v í d æ m i s t r j e t t v e r a :

Ákærði, Halldór Einarsson, sæti tveggja mánaða einföldu fangelsi.

Ennfremur skal ákærði sviftur ökuskirteini um eitt ár frá 24. janúar þ. á. að telja.

Um málskostnað í hjeraði skal hinum áfrýjaða dómi óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda hjer fyrir rjettinum, hæstarjettarmálflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar hálfu gegn Halldóri Einarssyni, bifreiðarstjóra, Þingholtsstræri 8, fyrir brot gegn ákvæðum bifreiðarlaganna nr. 56/1926, lögreglusamþyktarinn-

ar fyrir Reykjavík frá 19. apríl 1919 og 17. kap. alm. hegn-
ingarlaga frá 25. júní 1869.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Hinn 27. október síðastl. vildi það slys til, að maður að nafni Jón Bergsson, bóndi á Dufþekju í Hvolhreppi, varð fyrir bifreiðinni RE. 70, sem ákærður í þessu máli ók á Frikirkjuveginum, móts við norðurenda Kvennaskólans. Jón Bergsson varð alveg undir bifreiðinni og var dreginn undan henni mjög mikið meiddur og fluttur á Landkotssjúkrahús, þar sem hann andaðist kl. 5 morguninn eftir. Líkskurður var gerður á honum 29. s. m. og komust læknamir, sem líkskurðinn gerðu að þeirri niðurstöðu »að dauðaorsökin hefir verið brot á vinstri mjöðm, með stórrí innvortis blæðingu frá beinbrotinu, auk þess brot á fjölda rifja og allstór blæðing á hálsi að framan niður í brjósthól«.

Ákærður hefir sjálfur skýrt frá tildrögum þessarar ákeyrslu þannig, að hann hafi nálægt kl. 9 síðd. 27. oktbr. ekið norður Frikirkjuveg á bifreiðinni RE. 70, og var hann einn í bifreiðinni. Hann kveðst hafa ekið vinstra megin á götunni með ca. 15—16 km. hraða. Ákærður kveðst þá hafa sjeð að ca. 3 bifreiðarlengdum fyrir framan hann á veginum kom maður gangandi móti honum. Hann kveðst hafa haft ljós og hafa sjeð manninn glögt. Þegar eftir voru ca. 2 bifreiðarlengdir á milli þeirra, kveðst hann hafa aðvarað manninn með því að flauta og bjóst við því, að hann mundi vika á austurhelming götunnar, jafnframt kveðst ákærður hafa vikið sjer meira til vinstri og haldið áfram með sama hraða og áður. En í stað þess að maðurinn viki til austurs, vjek hann enn þá lengra að tjörninni og kveður ákærður hann hafa stefnt á miðja bifreiðina. Kveðst ákærður þá hafa sett bæði fót- og handhemlana á bifreiðina, en þá var hún komin svo nálægt manningnum, að þrátt fyrir það, rann hún áfram, að hann heldur hálfa lengd sína, þar til hún stöðvaðist og var þá maðurinn kominn undir bifreiðina. Eins og fyr er frá sagt dró kærður maðurinn undan bifreiðinni ásamt mönnum, sem komu að og hjálpuðu honum til þess, og var maðurinn síðan fluttur á sjúkrahúsið eins og fyr segir.

Í máli þessu hafa verið leidd nokkur vitni og kemur framburður þeirra, sem sáu hvernig slysið vildi til, ekki heim við framburð ákærðs.

Þetta sama kvöld klukkan langt gengin 9 kom Hallgrím-

ur Friðrik Hallgrímsson, Þingholtsstræti 28, út um hliðið hjá húsinu nr. 11 við Frikirkjuveg ásamt ungfrú Margrjeti Thors. Þau hafa hvort í sínu lagi skýrt svo frá, að þeim hafi orðið litið norður á veginn, og sáu þá að bifreið fór norður eftir götunni rjettu megin með töluverðum hraða. Rjett um sama leyti sáu þau mann í glampunum af ljósinu frá bifreiðinni, rjett fyrir framan hana, kveður Hallgrímur sjer hafa virst, sem maðurinn væri á norðurleið, því hann hafi snúið baki að sjer og gengið vinstra (Tjarnarmegin) eftir veginum, hann kveðst ekki hafa heyrt bifreiðina flauta, en kveður sjer hafa virst maðurinn (Jón Bergsson) snúast við, næstum á hlið og vera í þann veginn að ganga til austurs (til hægri) þegar að bifreiðin ók á hann, kveður hann sjer hafa virst maðurinn verða bifreiðarinnar skyndilega var af ljósunum, litið við til að sjá hve nálægt hún væri, ætlað að vikja, en orðið of seinn.

Margrjet Thors kveður sjer hafa virst maðurinn snúa hliðinni að sjer og vera í þann veginn að hraða sjer til austurs til þess að komast undan bifreiðinni, þegar hún ók á hann, hún sá, að maðurinn hvarf skyndilega undir bifreiðina, að bifreiðarstjórinn bremsaði og bifreiðin rann þó lítilsháttar áfram eftir það, ekki kveðst hún hafa heyrt bifreiðina flauta. Hallgrímur Fr. Hallgrímsson hefir staðfest framburð sinn með eiði fyrir rjettinum, en Margrjeti Thors hefir ekki verið hægt að yfirheyra fyrir rjetti því hún var komin á leið til útlands, þegar málið kom til dómara.

Þá hefir kenslukona Ragnheiður Jonsdóttir, Tjarnargötu 49, skýrt svo frá, að klukkan langt gengin 9 þetta sama kvöld hafi hún komið heiman að frá sjer og gengið yfir Tjarnarbrúna og haldið norður Frikirkjuveg. Í fylgd með henni var Jón Bergsson, bóndi á Dufþekju, og hafi hann haft, erindi við hana viðvíkjandi jörðinni Dufþekju, sem hún er eigandi að. Þau höfðu gengið yfir Tjarnarbrúna og er þau komu inn á Frikirkjuveginn, kveðst hún hafa tekið í hönd Jóni og kvatt hann og hjelt hún svo áfram norður götuna, en er hún varð þess vör, að Jón hjelt sömu leið, gekk hún honum samhliða norður götuna á vinstra vegkanti. Á mótis við Kvennaskólagirðinguna skildu þau og köstuðust á kveðjum. Kveður hún hann hafa haldið áfram norður veginn vinstra megin, en hún kveðst hafa gengið viðstöðulaust yfir götuna að hliðinu að Kvennaskólanum, stansað þar við hliðið og sjeð bifreið koma sunnan veginn með meðalhraða og full ljós. Þegar bifreiðin

var komin nyrst á móts við girðinguna hjá Kvinnaskólanum, kveðst hún hafa sjeð hann á að giska 2 bifreiðarlengdir fyrir framan bifreiðina á norðurleið, vinstra megin á götunni. Hún kveður sjer hafa virst maðurinn vera rjett í þann veginn að vikja sjer til austurs (hægri) er áreksturinn varð. Hún kveður bifreiðina hafa ekið með meðalhraða norður götuna og hafi hún alls ekki heyrt hana gefa hljóðmerki til að aðvara manninn, og hún kveðst ekki heldur hafa sjeð, að bifreiðin hægði á sjer fyr en maðurinn hvarf undir hana. Hún tekur það fram, að hún hafi einmitt þegar furðað sig á því tvennu, að bifreiðin skyldi ekki gefa hljóðmerki og ekki, svo sjáanlegt væri, hægja á ferðinni áður en hún ók á manninn. Þennan framburð hefir hún staðfest með eiði.

Í önnur vitni, sem sáu hvernig slysið vildi til, hefir ekki náðst, en þeim, sem voru nálægt og komu þarna að og einnig hafa verið leiddir sem vitni í málinu, kemur saman um, að þeir hafi ekki heyrt bifreiðina flauta og að bifreiðin hafi, eftir að hún stansaði, staðið vinstra megin á veginum, þannig að bilið frá Tjörninni hafi sennilega verið eitthvað milli hálftrar og heillrar alinar.

Lögreglan rannsakaði hemla bifreiðarinnar og prófaði á hve skömmu færi hún yrði stöðvuð, ef ekið væri með 18 km. hraða og reyndist það 7 metrar, en lögreglan giskar á, að vegurinn hafi verið þeim mun harðari vegna frosts er prófun þessi var gerð, heldur en þegar slysið vildi til, að hægt hafi verið að stöðva bifreiðina á 4—5 metra færi, en það er lengd bifreiðarinnar.

Rjetturinn verður nú að telja það nægilega sannað með vitnaframburðum, að Jón heitinn Bergsson hafi gengið norður götuna vinstra megin og að ákærður hafi ekið á eftir honum, er slysið vildi til, án þess að aðvara hann með því að gefa hljóðmerki. En með játningu ákærðs sjálfs er það upplýst, að hann ók norður götuna vinstra megin með minsta kosti 15—18 km. hraða og að hann hægði ekki á þeirri ferð fyr en rjett um leið og bifreiðin var að rekast á Jón heitinn, þá fyrst setti hann hemlana á, enda kemur það og heim við það, að Jón lá undir miðri bifreiðinni eftir slysið, en ákærður segir að bifreiðin hafi runnið um hálfra lengd sína eftir að hann setti hemlana á. Þessa játningu ákærðs alla styður og vitnaframburðurinn, sjerstaklega framburður ungfrú Ragnheiðar Jónsdóttur.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. nóvbr. 1884 og hefir aldrei áður sætt ákæru nje refsingu fyrir nokkurt hegningarlagabrot, en hann hefir ¹/₂ 1926 undirgengist 50 kr. sekt í lögreglurjetti Reykjavíkur fyrir brot á bifreiðarlögunum. Skaðabótakrafa hefir engin komið fram í málinu.

Rjetturinn verður að telja það nægilega sannað í málinu, að ákærður hafi við hið umrædda tækifæri gerst brotlegur við ákvæði 6. gr. 1. málsgr., 7. gr. 2. málsgr. og 8. gr. bifreiðarlaganna, 49. gr. og 51. gr. lögreglusamþyktaðinnar fyrir Reykjavík og 200. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið eftir 14. gr. bifreiðarlaganna, 93. gr. lögreglusamþyktaðinnar og hinni tilvitnuðu hegningarlagagrein hæfilega ákveðin tveggja mánaða einfalt fangelsi. Auk þess þykir verða að svifta hann ökuskirteini eftir 5. gr. bifreiðarlaganna í eitt ár frá birtingu dóm þessa að telja.

Þar sem hjer er um fyrsta verulega brot ákærðs að ræða og hann sýndi hinum slasaða manni alla umönnun eftir ákeysluna, þykir mega ákveða að fangelsisrefsingin skuli vera skilörðsbundin eftir 1. gr. laga nr. 39/1907.

Auk þess greiði ákærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með taldar 30 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hans hjer í rjettinum, Stefáns Jóh. Stefánssonar, hrm.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 14. maí 1928.

Nr. 5/1928. **Kjartan S. Nordahl** (St. Jóh. Stefánsson)
gegn

Stefáni Ingvarssyni (Enginn).

Sameignar slit í 9,14 smál. bát fer eftir reglum siglingalaganna.

Úrskurður uppboðsrjettar Vestmannaeyja 22. desbr. 1927: Það verður að teljast að samkvæmt siglingalögunum, minsta kosti analogiu þeirra, svo og öðrum ákvæðum laga um slit sameigna hljóti meðeigandi mótmæl-